LÖG

12
14. febr.

um samkomudag reglulegs Alþings 1956.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1956 skal koma saman 10. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. febrúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

LÖG

13
15. febr.

um kirkjuítök og sölu þeirra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kirkjuítak er ítak, sem kirkja á.

2. gr.

Um lausn kirkjuítaka og sölu semur sóknarnefnd þeirrar kirkju, sem ítakið á, að því er snertir safnaðarkirkjur og lénskirkjur.

Til sölu kirkjuítaks, sem prestur árlega nytjar, þarf jafnan samþykki biskups og hlutaðeigandi sóknarprests.

3. gr.

Andvirði kirkjuítaks og landssvæða, sem kirkjur eiga, svo sem varpeyja, engjateiga, afréttar- eða beitilands, ef eigi eru sérstök býli, sem seld hafa verið eftir 1. janúar 1940 eða seld verða, rennur til þeirrar kirkju, sem ítakið á. Þegar kirkjuítak er selt, skal fella afgjald þess niður úr heimatekjum þess prests, er ítakið hafði.

Gjört að Bessastöðum, 15. febrúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.